



Reykjavík, 3. júní 2021
R21060019
6631
ívs

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Laugardalur - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 3. júní 2021 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. maí 2021, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 26. maí 2021 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Laugardals vegna íþróttamannvirkja á svæði austan Laugardalsvallar, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að breyta deiliskipulagi í Laugardalnum til þess að gera nýja gervigrasvelli á Valbjarnarvelli í samvinnu við Þrótt. Um er að ræða tvo nýja gervigrasvelli til æfinga þótt áfram verði gert ráð fyrir núverandi tennisvöllum og opnum göngu- og skokkleiðum á milli Laugardalsvallar og gervigrasvalla.

Helga Björk Laxdal
e.u.